



**Ávarp  
forseta Íslands  
Ólafs Ragnars Grímssonar  
á 80 ára afmælistónleikum  
Ragnars Bjarnasonar  
20. september 2014**

(Ávarpið var tekið upp og flutt á tónleikunum)

Kæri Ragnar

Ég óska þér og fjölskyldu þinni innilega til hamingju með merkisafmæli og færi þér þakkir þjóðarinnar fyrir tónlistina, gleðistundirnar sem þú hefur í áratugi gefið okkur öllum – söngur þinn jafnvel eldri en lýðveldið sjálft.

Þótt Íslendingum finnist sjálfsagt að Raggi Bjarna haldi bara áfram að syngja þá er það einstakt afrek að vera svo lengi samofinn tónlist, menningu, mannlífi og gleði heillar þjóðar.

Þú ert í hugum okkar ekki aðeins frábær listamaður, heldur líka fyrir löngu orðinn goðsögn, tákni í senn fyrir arfleifð, sögu og sífellda nýsköpun – þótt ég telji svona í fullri vinsemd að þú megir kannski fara að endurnýja sögurnar af elliheimilinu. Að vísu eru þær alltaf jafn myndnar þótt við höfum heyrt þær ótal sinnum. En það er nú bara af því að þú ert snillingur.

Það var ánægjustund á Bessastöðum fyrir um tíu árum þegar ég sæmdi þig fálaorðunni, æðstu viðurkenningu íslensku þjóðarinnar; þakkarvottur fyrir allt það sem þú hefur fært Íslendingum.

Það er leitt að geta ekki verið með þér og góðum gestum í kvöld en hjartanlega til hamingju og sjáumst síðar á styrktartónleikum í Grafarvogi sem þú lýkur ávallt með stæl.

Lifðu heill!